

8. bekkur íslenska

Kennarar: Jóhann Pétur Kristjánsson

Lýsing

Íslenska skiptist í talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, 2013.

Markmið

Íslenska skiptist í talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, 2013.

Námsefni

Skerpa 1, Málið í mark, Lestrarkassinn, Málfinnur, smásögur, skáldsögur, Laxdælasaga, ljóð og ritun.

Kennsluaðferðir

Verkefnavinna: Lestur, skrift, eyðufyllingar, einstaklings-, para- og hópvinna, upplýsingaöflun af vef.

Námsmat

Símat; Vinnubækur, stafsetningarpróf, lotupróf, mat á verkefnum.

Íslenska fyrir 8.-10. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Íslenska fyrir 8.-10. bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

Íslenska fyrir 8.-10. bekk - Lestur og bókmenntir

- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.
- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.
- Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi.
- Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa
- Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess.

Íslenska fyrir 8.-10. bekk - Ritun

- Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær.
- Beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.
- Skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.
- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.

Íslenska fyrir 8.-10. bekk - Málfræði

- Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.
- Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.

- Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskrí málfræði við nám í erlendum tungumálum.
- Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.

Lesfímiviðmið 1.-10. bekkur - 8. bekkur

- **8. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
September - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **8. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
Janúar - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **8. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
Maí - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **LESFIMIVIÐMIÐ**
Viðmið fyrir 8. bekk. Útskýring á matstáknum. Rétt lesin orð á mínútu: Undir viðmiði = færri en **130**. Viðmið 1 = **130-179**. 90% af nemendum. Viðmið 2 = **180-209**. 50% af nemendum. Viðmið 3 = **210** eða fleiri. 25% af nemendum. Athugið að lesfímiviðmið miða við stöðu nemenda við lok 8. bekkjar.

Orðarún - Mat á lesskilningi í 3.- 8. bekk - 8. bekkur

- **8. bekkur ORÐARÚN - PRÓF 1** Lesskilningsprófið Orðarún reynir á ferns konar færni; greina staðreyndir, draga ályktanir, að átta sig á meginefni texta og útskýra orð og orðasambönd. Notast er við prófið Orðarún til að meta stöðu og framfarir. Athugið að prófið er staðlað fyrir apríl og ber að túlka niðurstöður samkvæmt því. Útskýring á matstáknum. **Hæfni ekki náð** = Nemandi svaraði á bilinu 0 til 6 af 20 atriðum rétt **Parfnast þjálfunar** = Nemandi svaraði á bilinu 7 til 10 af 20 atriðum rétt **Á góðri leið** = Nemandi svaraði á bilinu 11 til 16 af 20 atriðum rétt **Hæfni náð** = Nemandi svaraði nær öllu rétt eða 17 til 19 atriðum **Framúrskarandi** = Nemandi svaraði öllu rétt eða 20 af 20 atriðum
- **8. bekkur ORÐARÚN - PRÓF 2** Lesskilningsprófið Orðarún reynir á ferns konar færni; greina staðreyndir, draga ályktanir, að átta sig á meginefni texta og útskýra orð og orðasambönd. Notast er við prófið Orðarún til að meta stöðu og framfarir. Athugið að prófið er staðlað fyrir apríl og ber að túlka niðurstöður samkvæmt því. Útskýring á matstáknum. **Hæfni ekki náð** = Nemandi svaraði á bilinu 0 til 5 af 20 atriðum rétt **Parfnast þjálfunar** = Nemandi svaraði á bilinu 6 til 8 af 20 atriðum rétt **Á góðri leið** = Nemandi svaraði á bilinu 9 til 15 af 20 atriðum rétt **Hæfni náð** = Nemandi svaraði nær öllu rétt eða 16 til 19 atriðum **Framúrskarandi** = Nemandi svaraði öllu rétt eða 20 af 20 atriðum